


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS	Teikningar og verklýsingar í húsasmíði TEH 103 Kennsluáætlun vorönn 2013	
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 2		

Kennari	Halldór Torfi Torfason	Sk.st.	HTT
----------------	------------------------	---------------	-----

Áfangalýsing:

Í áfanganum læra nemendur grunnatriðin í lestri byggingauppdráttu og fá þjálfun í að teikna verkstæðisunna byggingarhluta með áherslu á glugga, hurðir, innréttingar og tréstiga. Fjallað er um muninn á aðal- og séruppdráttum, mælikvarða þeirra, tilgang og einkenni. Gerð er grein fyrir hönnunarforsendum í byggingarreglugerð, stöðlum, verklýsingum og lögð áhersla á að þjálfna notkun og skilning á hvers konar verkögnum sem tengjast verkstæðisunnum byggingarhlutum úr tré og tréefnum. Mikilvægt er að nemendur þjálfist í gerð rissteikninga við útfærslur deililausna og geri einfalda efnislista og kostnaðarútreikninga á grundvelli verkupplýsinga. Áfanginn er bæði ætlaður húsa- og húsgagnasmíðum og byggist aðallega á verkefnavinnu og útskýringum og umfjöllun kennara eftir því sem þörf er á. Mikilvægt er að nemendur tileinki sér sjálfstæð vinnubrögð við upplýsingaleit og gagnaúrvinnslu.


Áfangamarkmið

Nemandi

- læri um verkstæðisunna byggingarhluta úr tré og helstu útfærslur þeirra
- þekki ákvæði reglugerða um glugga, hurðir, innréttingar og tréstiga
- þekki íslenska staðla um glugga, hurðir, innréttingar og tréstiga
- hafi innsýn í tæknilegar útfærslur vegna álags og einangrunar
- þekki stöðluð mál á gluggum, hurðum, innréttingum og tréstigum
- geti stuðst við Rb-blöð í upplýsingaleit og við gerð teikninga
- geti lesið og unnið með teikningar af verkstæðisunnum byggingarhlutum
- þekki allar gerðir uppdráttu og teikninga og öll almenn teiknitákn
- þekki fagheiti í glugga-, hurða -, innréttinga- og stigateikningum
- geti lesið og skilið merkingar á teikningum og meðfylgjandi verklýsingar
- geti gert einfalda efnislista og kostnaðarútreikninga á grundvelli teikninga
- geti rissað og teiknað einfalda glugga, hurðir, innréttingar og tréstiga
- þekki reglur um blaðstærðir, mælikvarða og teikniáhöld
- þekki teikniaðferðir og teiknireglur fyrir verkstæðisunna byggingarhluta
- geti gert rissmyndir og eftir atvikum notað fjarvídd til að sýna rýmisútfærslur
- geti gert séruppdrætti og sýnt deililausnir með tilheyrandi vikmálum

Efnisatriði/kjarnahugtök

Aðalskipulag, deiliskipulag, hönnunargögn, aðaluppdrættir, séruppdrættir, byggingauppdrættir, innréttingauppdrættir, deiliteikningar, deililausnir, sneiðingar, byggingarreglugerð, íslenskir staðlar, Rb-blöð, verklýsingar, fagheiti, teiknitákn, gluggar, hurðir, innréttingar, innréttingar, skápar, tréstigar, stigahandrið.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 2	Teikningar og verklýsingar í húsasmíði TEH 103 Kennsluáætlun vorönn 2013	

Námsefni:

Teiknuð verða þau verkefni sem kennara þykja við hæfi á hverjum tíma.

Vinna verður með svipuðu móti og í TEH 203, þ.e. teiknuð verða verkefni að vali kennara og þau unnin innan ákveðins tíma.

Meiri áhersla verður lögð á verkefnaskil og frágang verkefna en í TEH 203. Sjálfstæði nemenda og vinnubrögð verða metin til einkunnar.

Teiknaðir verða gluggar og samsetningar þeirra, gluggar, útihurðir og eldhúsinnrétting í sumarhús VMA. Kennð verður í teikning snúinna stiga, ásamt reglum, reikningum og aðferðum sem nota þarf við þá vinnu.

Gott er að rifja upp aðferðir úr fyrri áföngum

Áætlun um yfirferð:

Vika	Námsefni	Vægi
2 – 3	Gluggar – Útlit, prófílar og heiti samkvæmt staðli	10%
3 – 6	Gluggar í sumarhús VMA – Útlit, prófílar, smíði og samsetningar	30%
6 – 8	Útihurðir í sumarhús VMA – Útlit, prófílar, smíði og samsetningar	20%
9 – 12	Innréttingar – Eldhúsinnrétting í sumarhús VMA	20%
14 – 17	Stigar – Snúnir steypir stigar, teikningar, reglur og reikningar	20% (10%+10%)
17 – 18	Frágangur og prentun (heppilegra væri að dreifa prentun yfir önnina)	

Athugið: Með vikunúmer er átt við vikur ársins eins og á dagatalinu í INNU.

Námsmat:

Áfanginn er próflaus og gilda verkefni 100% til einkunnar.

Við mat verður horft á mál, uppbyggingu, snyrtileika, frágang og vinnubrögð í tímum.

Verkefnum skal skila útprentuðum í möppu fyrir 1. maí 2013.

Námsefni:

Ljósrit frá kennara og efni annarra faggreina, t.d. GLU104 og INR106

Réttur til breytinga áskilinn

Halldór TT - dori@vma.is

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils